

**65. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
6. september 2017 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1709008 - Fjöliðjan - hádegisverður flutningur

Frá febrúar 2012 hefur verið boðið upp á hádegisverð fyrir starfsmenn í Fjöliðjunni. Samkomulag var gert við leikskólann Akrasel sem sér um að matreiða og Höfða sem annast ferðaþjónusta fatlaðra sem sér um flutning á matnum frá leikskólanum í Fjöliðjuna.

Fjölgun hefur orðið á farþegum í ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra og hafa fulltrúar þjónustuaðila ferðaþjónustunnar óskað eftir því að önnur leið verði fundin til að flytja matinn á milli leikskólans Akrasels og Fjöliðjunnar. Stjórnendur Fjöliðjunnar og sviðsstjóri vinna í því að leita annarra leiða til að flytja matinn á milli staða.

Lagt fram til kynningar.

2. 1608134 - Starfsáætlun Þorpsins 2016-2017

Í ágúst 2016 kynntu, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála, Svala Hreinsdóttir, þáverandi sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Arnheiður Andrésdóttir ráðgjafarþroskaþjálfari velferðar- og mannréttindasviðs, hugmyndir starfsmanna Þorpsins um breytingar á fyrirkomulagi félagslegrar liðveislu og aukna samþættingu við frístundastarfi. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti að starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs og skóla- og frístundasviðs myndu vinna í sameiningu áfram með hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi þjónustunnar.

Samstarfsverkefnið hefur nú farið formlega af stað. Tilraun verður gerð á samstarfi sviðanna með því að breyta fyrirkomulagi á félagslegri liðveislu með aukinni samþættingu við frístundastarfið í Þorpinu. Unnið verður með nokkur börn og ungmenni í samvinnu við foreldra. Mat verður lagt á samstarfið í lok ársins. Einnig mun starfsmenn Þorpsins veita starfsmönnum í félagslegri liðveislu ráðgjöf og fræðslu.

Lagt fram til kynningar.

3. 1708014 - Heimsendur matur - beiðni um endurskoðun samnings 2017

Samningur er á milli Akraneskaupstaðar og Ara Grétars Björnssonar um akstur á heimsendum mat til eldri borgara og öryrkja á Akranesi. Samningsupphæðin miðaðist við að fjöldi heimsendinga sé að jafnaði 25 - 35 á dag.

Samningsupphæðin er kr. 208.000 mánaðarlega auk virðisaukaskatt (25,5%). Samkomulagið var undirritað í desember 2013 og er uppseggjanlegt með sex

VG

mánaða fyrirvara að beggja hálfu. Ari Grétar hefur óskað eftir að samningsupphæð verði endurskoðuð með tilliti til hækkunar. Fjöldi heimsendinga á mat í dag er að jafnaði 10-15 matarbakkar.

Sviðstjóra falið að fara í viðræður við Ara Grétar Björnsson varðandi endurskoðun á samningi.

4. 1709003 - Sumar- og helgardvöl barna og ungmenna

Umsókn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem reka sumardvöl fyrir fatlaða í Reykjadag, um styrk til rekstur sumardvalarinnar. Miðað er við að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði til jafns við einstaklinga frá viðkomandi svæði.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir erindið.

5. 1708121 - Trúnaðarmál

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Vilhjálfur Guðbjartsson
Einar Þorvaldur
Gunnhildur Þi
Anna Þóra Þorjónsdóttir
Sveinborg Kristbjörnsdóttir
Svara Hórnisdóttir*